

Mánudaginn 6. febrúar 1995.

Nr. 161/1994.

**Sverrir Einar Eiríksson og
Sjóvá-Almennar tryggingar hf.**

(Haraldur Blöndal hrl.)

gegn

Atla Steinari Bjarnasyni

(Kristján Stefánsson hrl.)

og gagnsök

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henryrsson, Guðrún Erlendsdóttir og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 11. apríl 1994. Þeir krefjast þess aðallega, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum gagnáfrýjanda, en til vara, að þeir verði aðeins dæmdir til að greiða hluta umstefndrar fjárhæðar með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987. Þá krefjast þeir málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 27. maí 1994. Hann krefst þess, að aðaláfrýjendur verði dæmdir til að greiða sér 5.259.500 krónur með nánar tilgreindum vöxtum frá 21. júlí 1989 til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málið var flutt fyrir Hæstarétti um formhlið þess 3. febrúar 1995. Báðir aðilar kröfðust þess, að það yrði tekið til efnislegrar meðferðar, en kröfðust ekki málskostnaðar í þessum þætti málsins.

Mál þetta var tekið til dóms að lokinni aðalmeðferð 20. janúar 1994. Í þinghaldi 8. mars 1994, sem boðað var til uppkvaðningar dóms í málinu og til að taka „afstöðu til endurflutnings málsins, sbr. 115. gr. laga nr. 91/1991“, var eftirfarandi bókað: „Af hálfu stefnanda er mættur Kristján Stefánsson hrl. Ekki var talin þörf á endurflutningi máls sbr. 115. gr. laga nr. 91/1991 og í því kveðinn upp svohljóðandi dómur: . . .“ Í héraðsdómi er engin skýring gefin á drætti á dómsuppsögu eftir aðalflutning.

Samkvæmt framansögðu var málið dæmt án málflutnings að nýju, er sex vikur og fjórir dagar voru liðnir frá aðalmeðferð. Lögmaður

stefnda var þá ekki viðstaddur, en af hálfu hans eru ekki bornar brigður á það, að hann hafi verið boðaður til þinghaldsins 8. mars 1994. Verður ekki talið, að fjarvera lögmannsins feli í sér yfirlýsingu um, að hann hafi talið óþarft að flytja málið munnlega að nýju. Þessi málsmeðferð er skýlaust brot á ákvæðum 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Af þessum sökum verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til munnlegs málflutnings og dómsuppsögu að nýju.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til munnlegs málflutnings og uppsögu dóms að nýju.
